

GJALDSKRÁ

um sorphirðu fyrir Siglufjarðarkaupstað árið 2000.

1. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki á Siglufirði.

3. gr.

Gjaldið er sem hér segir:

		kr.	
a)	Íbúðir	Sorphirðugjald	6.500
b)	Fyrirtæki, flokkur A:	Stærstu fyrirtæki greiða eftir vigt.	
		flokkur B: Sorphirðugjald	120.000
		flokkur C: Sorphirðugjald	75.000
		flokkur D: Sorphirðugjald	44.000
		flokkur E: Sorphirðugjald	27.500
		flokkur F: Lágmarksgjald	6.500

Bæjarstjórn skipar rekstraraðilum í flokka, m.a. eftir magni úrgangs.

Fyrirtæki í flokki A greiða kr. 2.000 (án vsk.) í urðunargjald fyrir hvert tonn en að auki greiða fyrirtækin gámaleigu og fyrir akstur úrgangs og losun á urðunarstað samkvæmt reikningi frá verktaka.

Sorphirðugjöld vegna íbúða eru innheimt með fasteignagjöldum.

Gjalddagar sorphirðugjalda eru fimm fyrir fyrirtæki, en átta fyrir íbúðir.

Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast sérstaklega kr. 4.000 (án vsk.) fyrir tonnið.

Spilliefni, s.s. olíur, eldsneyti og kælivökvi, skulu áður tekin af vélum á viðurkenndan hátt og skilað til móttökustöðvar.

Fyrir flokkað timbur greiðast kr. 3.000 (án vsk.) fyrir tonnið.

Skila skal vigtarseðlum frá hafnarvog á móttökustað og er vigtarkostnaður innifalinn í verði.

Fyrir steypu- og múrbrot, gler, jarðveg o.þ.h. grófan úrgang greiðast kr. 200 (án vsk.) á rúmmetra.

Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds. Þó skal greiða fyrir móttöku kæli- og frystiskápa, meðan ekki er komið á kerfi fyrir ósoneyðandi kælimiðla í samræmi við lög um spilliefnagjald.

Íbúar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af forflokkuðum úrgangi án þess að greiða sérstaklega fyrir það.

Innheimta samkvæmt gjaldskrá þessari er gerð með sérstökum reikningi og er eindagi 30 dögum eftir útgáfu hans.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Siglufjarðar skv. ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Siglufirði, 18. febrúar 2000.

Pórir Hákonarson skrifstofustjóri.